

**Nd.**

**613. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir gefið út nefndarálit sitt um frv. þetta á þskj. 355, og með því að minni hl. vill ekki una þeim ummælum, sem þar eru um hann höfð, þykir hlýða að skýra nokkru ger frá gangi máls þessa í sjávarútvegsnefnd.

Frv. hafði verið rætt að nokkru, ásamt öðrum óskyldum málum, á 3 nefndarfundum án þess ákvörðun væri um það tekin.

Á nefndarfundum, er haldinn var 28. febr., knúði form. nefndarinnar það fram, þrátt fyrir mótmæli nokkurs hluta nefndarinnar, að gengið væri til atkv. um frv., ásamt brtt., er hann hafði samið við það.

Á fundi þessum var 2. þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu sjarverandi, sökum veikinda, og þingm. Vestmannaeyja bað um frest til næsta fundar, til þess að athuga, hvort eða að hve miklu leyti hann gæti fylgt frv. eða brtt. form. Er um þetta bókað í fundarbók nefndarinnar þann dag, er þjer ræðir um, og afhenti form. þingm. Vestmannaeyja þá tillögur sínar til athugunar, en þá höfðu þeir hínir tveir nefndarmennirnir, 1. þingm. Árn. og 4. þingm. Reykv., fallist á þær með formanni.

Form. gekk samt brátt eftir því að fá breytingartillögur sínar aftur, þótt ekki væri liðinn áskilinn frestur, og næsta dag, eða hinn 29. febrúar, gefur meiri hl. svo út nefndarálit sitt, þar sem greinir frá því, að nefndin hafi klotnað nm málið, og skýrir meiri hl. þá jafnframt ranglega og á óviðeigandi hátt frá afstöðu minni hl. til þess. Þegar athugað er, hvernig meiri hl. afgreiðir málið frá nefndinni, og þau ummæli, sem hann síðan hefir um minni hl. á þskj. 355, þau, að minni hl. álitu, að ákvæði frumv. nái ekki tilgangi, meðal annars vegna þess, að ekki megi treysta drengskaparheitum þeirra, sem loftskæptum skifta milli lands og skipa, um ófalsað efni skæptanna, er það bert, að meiri hl. gerir þetta visvitandi í því skyni að varpa skugga á pólitíska andstæðinga sína. Þetta verður enn ljósara þegar þess er gætt, að flokksblöð meiri hl., »Tíminn« og »Alþýðublaðið«, hafa bæði gripið fullyrðingar meiri hl. á lofti, rjett eins og hjer lægi fyrir yfirlýsing minni hl. sjálfs um afstöðu hans til þessa atriðis.

Um frumv. er það að segja, að sum ákvæði þess eru þess eðlis, að af þeim stafar bein hætta fyrir skæpti, sem senda þarf milli skipa og lands, þegar aðstoðar veiðiskipa þarf að leita til hjálpar skipum eða bátum í sjávarháská, eins og nú skal nokkuð sýnt. Samkvæmt frumv. er gengið út frá því, að öllum skæptum til skipa sje skilað á loftskæptastöðvarnar sjálfar til sendingar, en þetta er ekki svo nú, að minsta kosti ekki í Reykjavík. Loftskæptum, eins og öðrum skæptum, á að skila á landssímastöðina á meðan hún heldur opnu. Sú venja tíðkast samt, að loftskæptastöðin tekur sjálf á móti skæptum til sendingar eftir lokunartíma landssímastöðvarinnar, og þá oftast nær í síma. Eftir frv. yrði öll slík afgreiðsla erfiðari og alveg óviðunandi. Það virðist vera ætlast til, að sendandi undirriti drengskaparheitið á hverju eyðublaði um leið og hann afhendir skæptið á stöðina. Með því er það útilokað, að flýtt verði fyrir skæptunum með því að símtala þau suður á loftskæptastöð. Afleiðing þessa yrði því annaðhvort sú, er um björgunarskæpti væri að ræða, að sendandi og viðtakandi stöð neyddust til að brjóta ákvæði laganna, eða ef fylgja ætti þeim, að tefja fyrir sendingu loftskæptis, sem vel gæti varðað líf margra manna. Ef sendandi slíks skæptis væri nú staddur t. d. suður í Hafnarfirði eða lengra í burtu, gæti sú tóf, sem af þessu fyrirkomulagi hlytist, haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Fr. gerir ennfremur ráð fyrir því, að hegna megi mönnum fyrir grun eða líkur, án þess það sjáist, að dómur eigi að ganga í því máli áður. Þetta er sú nýlunda í íslensku rjettarfari, sem minni hl. telur ekki heppilegt, að lögleidd yrði, heldur þveit á móti mjög varhugavert.

Þó hjer sjeu nefndir nokkrir gallar frv., eru þó fleiri, sem geta má við framsögu, en um brtt. meiri hl. er það að segja, að það fer svo fjarri því, að þær færi frv. í viðunandi horf, sem von er, því frv. er alt svo vanhugsað og illa í gardinn búið, að meiri hl. nefndarinnar er vorkunn, þó honum hafi mistekist, svo sem raun ber vitni um, með lagfæringar á því.

Minni hl. vill leiða athygli að því, sem höfundum frv. sýnist hafa verið óljóst, að ríkissjórnin hefir næga stoð í gildandi lögum til þess að hafa það eftirlit með sendingu loftskæpta, sem nægilegt er til að hindra misnotkun þeirra í þágu landhelgisveiða, sbr. meðal annars lög nr. 82, 14. nóv. 1917, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, samkvæmt þeim lögum.

Ríkisstjórninni er því heimilt, þegar þær ástæður eru fyrir hendi,<sup>7</sup> sem nefnd lög gera ráð fyrir, að fyrirskipa eftirlit með sendingu loftskeyta, skoðun á þeim og bann gegn notkun dulmáls. Ennfremur getur hún látið stöðva þau loftskeyti, sem grunsamleg kunna að virðast.

Að því er það snertir sjerstaklega að koma í veg fyrir, að loftskeyti sjeu notnð til hjálpar lögbrjótum við landhelgisveiðar, er það ólíkt skynsamlegra að reyna með skoðun á slíkum skeytum, jafnóðum og þeim er skilað til sendingar, og stöðvun þeirra, er grunsöm virðast í þessu efni, að koma í veg fyrir þetta athæfi, heldur en láta sjávarútvegsnefndir þingsins eyða tíma sínum í skoðun á margra mánaða gömlum símskeytnum og bollaleggingum um tilgang þeirra, löngu eftir að lögbrotin, ef þau hafa átt sjer stað, hafa verið framín.

Minni hl. leyfir sjer því, samkvæmt því, sem hjer hefir sagt verið, að leggja til, að málið verði afgreitt með svofeldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkisstjórnin hefir næga stoð í gildandi lögum til að hafa opinbert eftirlit með sendingu loftskeyta, telur deildin eigi þörf á nýrri lagasetningu í þessu efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jóhann P. Jósefsson,  
frsm.

Ólafur Thors.